

Upplýsingar um aðlögunarfærni

Miðstig grunnskóla (5.-7. bekkur)

Athugið: Ef færni barnsins er lakari (færni ekki náð á mörgum atriðum) þá er ráðlagt að styðjast einnig við viðmiðunarspurningar fyrir yngsta stig grunnskóla.

Upplýsingar um tjáskiptafærni

- Fylgir barnið fyrirmælum sem innihalda ef/þá? T.d. “ef þú verður svöng/svangur/svangt þá máttu fá þér “x”, eða “ef þér verður kalt, komdu þá inn í úlpu”.
- Fylgir barnið og man fyrirmæli eftir nokkrar klukkustundir? T.d. “Eftir skóla áttu að bíða eftir að amma sæki þig” eða “þegar þú kemur heim þá áttu að hringja strax í mig”.
- Hvernig er lestrargeta barnsins miðað við jafnaldra?
- Hvað skrifar barnið langan texta án aðstoðar? T.d. stutta sögu.

Upplýsingar um athafnir daglegs lífs

- Hvað þarf barnið mikla aðstoð eða áminningu til að sinna persónulegu hreinlæti? T.d. baðferðir, tannburstun, fataskipti.
- Velur barnið sér viðeigandi föt eftir tilefni og veðri?
- Varar barnið sig á hættum utan heimilis? T.d. umferð.
- Getur barnið verið eitt heima? Læsir það á eftir sér ef það fer út?
- Hvernig gengur barninu að ganga frá eftir sig? T.d. að þurrka upp eftir sig ef það hellir niður, setja óhreinan þvott í þvottakörfuna, að hengja upp úlpuna sína.
- Notar barnið síma til að vera í samskiptum við vini eða fjölskyldu?
- Útbýr barnið sér einfalda máltíð? T.d. núðlur eða samloku. Notar barnið til þess örbylgjuofn, hraðsuðuketil eða samlokugrill?
- Áttar barnið sig á verðgildi peninga? T.d. hvað er dýrt og hvað er ódýrt.

Upplýsingar um félagslegt samspil

- Setur barnið sig í spor annarra?
- Fer barnið út með vinum félagsskaparins vegna? T.d. í sund eða á íþróttaleiki.
- Á barnið aldursviðeigandi áhugamál?
- Lætur barnið vita af ferðum sínum? T.d. ef það fer út að leika með vini eða í heimsókn.
- Tekur barnið þátt í að skipuleggja viðburði þar sem huga þarf að fleiri en einum hlut? T.d. afmælið sitt (hverjum það vill bjóða, hvað það vill hafa í matinn, hvar það er haldið).
- Áttar barnið sig á að einhver sem virðist vinalegur gæti viljað þeim illt? Myndi barnið t.d. þiggja far hjá ókunnugum?
- Væri auðvelt að fá barnið til að gera hluti sem það annars myndi ekki gera? T.d. að stela í búð, skemma eigur annarra.